

---

# *Heimspekisamræða í kennarahópi – starfsþroski og endurmenntun*

---

## **Þróunarverkefni við leikskólann Foldaborg veturinn 2007-2008**

---

Leikskólastjóri á Foldaborg er Guðbjörg Guðjónsdóttir

Umsjónarmaður þróunarverkefnisins er Margrét J. Þorvaldsdóttir, Háskólanum á Akureyri

---

Markmiðið með þróunarverkefninu er að kanna hvort aðferðir barnaheimspeki geti hentað til að skapa nokkurs konar ramma utan um samræðu í leikskólakennarahópnum um fyrir hvað leikskólinn stendur - þ.e. sérstöðu, stefnu og sýn - með það fyrir augum að geta betur fest hönd á þessu ferli. Með öðrum orðum að innleiða *heimspekisamræðu í kennarahópi* sem er nýmæli, bæði hérlendis sem erlendis. Rannsóknarspurningin er: Hvernig getur heimspekisamræða nýst, annars vegar starfsmanninum sem fagmanni og hins vegar starfsmannahópnum í heild, til að ígrunda „viðhorf, vitneskju og vinnulag“ með það að markmiði að geta grundað betur sameiginlega sýn á skólastarfið.

Sjónum verður fyrst og fremst beint að kenningum um persónulegan starfsþroska og tilfinningagreind, stjórnunarkenningum, einkum því hvernig stjórnandinn getur byggt upp andrúmsloft „skóla sem lærir“ og síðast en ekki síst aðferðafræði heimspekisamræðu með börnum.

Leikskólakennarar/leiðbeinendur og stjórnendur í leikskólanum Foldaborg í Reykjavík, sem hafa sérhæft sig í heimspeki með börnum, munu taka þátt í heimspekisamræðunni.

Markmiðið er að niðurstöður þróunarverkefnisins muni nýtast stjórnendum í leikskólum sem hyggjast vinna markvissar að því að byggja upp virka endurmenntun kennara sinna og efla um leið samræðu um stefnu og sýn, byggða á þátttöku kennara.